



III. viðauki þjónustusamnings milli félags- og húsnæðismálaráðuneytis, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi), Vinnumálastofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, kennitala: 700594-2039, og Kópavogur, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur, kennitala: 700169-3759, um samræmda móttöku flóttafólks, sem undirritaður var 12. mars 2024.

Kópavogur, kennitala: 700169-3759 (hér eftir nefnt þjónustusali), um samræmda móttöku flóttafólks sem undirritaður var 12. mars 2024.

1. gr.

Í stað orðanna „félags- og vinnumarkaðsráðuneytis“ í öllum beygingarföllum í heiti samningsins, fyrirsögn 4. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 11. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: félags- og húsnæðismálaráðuneytis.

2. gr.

Þrátt fyrir 3. gr. samningsins, 1. gr. viðauka samningsins sem og 2. gr. II viðauka samningsins, tekur þjónustusali að sér að veita allt að 101 notendum í senn þjónustu.

3. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. samningsins falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. samningsins:

a. 7. mgr. orðast svo:

- i) Í tilfellum fjölskyldusameininga við fylgdarlaus börn hér á landi skal Vinnumálastofnun, með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi, leitast við að tryggja barninu áframhaldandi búsetu í því sveitarfélagi sem það hefur dvalið í. Þiggi fjölskyldan boð um að flytjast í ákveðið sveitarfélag skal Vinnumálastofnun undirbúa komu fjölskyldunnar til landsins í samráði við sveitarfélagið. Vinnumálastofnun greiðir samkvæmt samningi þessum fyrir fjölskylduna líkt og um kvótaflóttafólk væri að ræða.

b. 8. mgr. fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „átta“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. samningsins kemur: fjögurra.

6. gr.

5. mgr. 10. gr. samningsins fellur brott.

7. gr.

Þrátt fyrir 14. gr. samningsins, 1. gr. viðauka samningsins sem og 2. gr. II viðauka samningsins, skal samningurinn gilda til og með 31. desember 2026.



6. gr.

Viðauki þessi er undirritaður rafrænt.

10. desember 2025

Inga Sæland
Félags- og húsnæðismálaráðherra

Unnur Sverrisdóttir
Forstjóri Vinnumálastofnunar

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

FRN23110072